



## Fundargerð nr. 21 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg fundarsalur
<b>Fundardagur:</b>	Miðvikudagur 24. apríl 2024
<b>Fundartími:</b>	8:15-10:00
<b>Fundarmenn:</b>	Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Þingborg – Breytingar á sal

Börkur fór yfir möguleika á breytingum á sviði og sal í Þingborg. Sigurður U. Sigurðsson séfræðingur í burðarþoli kom og skoðaði aðstæður. Að hans mati er hægt að leysa burðarþolsmál með stáli og súlum. Nefndin sammála um að það skiptir máli að reyna eins og hægt er að ná gólfletinum alveg heilum þ.e. án þess að veggir eða súlur standi út. Einnig rætt um aðgengismál fyrir fatlaða inn á skrifstofu sveitarfélagsins og hvort skoða mætti breytingar varðandi það tengt þessum framkvæmdum sem og breytingum á anddyri svo sem að taka niður miðasölukompu, setja vindvang á anddyri ofl. Skv. bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 5. mars 2024 þá er framkvæmda- og veitunefnd falið að skoða málið áfram m.t.t. möguleika og kostnaðar á hugsanlegum breytingum svo sem stækkun á gólfleti á sal, nýju íþróttagólfi og annað sem gæti aukið notagildi hússins. Nefndin mun því halda áfram að vinna í málinu og fá teikningar á breytingu á burðarþoli og kostnaðarmat á mögulegum framkvæmdum og skilar gögnum til sveitarstjórnar með sundurliðun á mismunandi verkþáttum í framkvæmdinni og kostnaðarmati.

### 2. Innanhússbreytingar í Flóaskóla

Búið að panta útihurðir en það er um 6 vikna biðtími að fá þær. Verktakar klárir að mæta þegar þarf en hægt er að hefja vissa verkþætti fyrir skólalok. Húsvörður og umsjónarmaður fasteigna eru farnir að vinna ákveðna undirbúningsvinnu vegna framkvæmdanna. Lögð er áhersla á að innanhússbreytingar séu klárar áður en skóli hefst í ágúst en framkvæmdir utandyra geta teygst sig inn í haustið. Hulda og Börkur sækja um byggingarleyfið um leið og öll gögn liggja fyrir frá Eflu en ennþá vantar einhver gögn vegna brunahönnunar.

### 3. Önnur mál

- Börkur á eftir að mæla inn nýju vatnslögnina og skoða hvort eitthvað þurfi að laga. Hann mun fara í það um leið og það er orðið frostlaust í jörðu. Verður klárað í maí. Framkvæmdin við lögnina er vel innan kostnaðaráætlunar.



Fjárfestingin á árinu 2023 (styrking á stofni) = 84.211.152 kr (áætlun var 98.000.000 kr).

Tilboðið frá verktaka hljóðaði upp á 73.803.000 kr en reikningar frá verktaka stóðu í 54.415.800 kr í árslok 2023. Við það bætist frágangsvinna þegar frost fer úr jörðu.

- b) Vatnsþrýstingur að Hnauti/Mosató. Börkur búinn að tala við verktaka í vatnsveitu um að kára málið í Ruddakróki en þar eru lokarnir við tankinn sem þarf að klára. Nefndin leggur áherslu á að þetta verði klárað sem allra fyrst.
- c) Rætt um að koma upp rofa/tengimöguleikum á alla dæluskúrana til að tengja varaafli. Berki falið að koma því af stað.
- d) Nefndin fjallaði um verkefni sem verktakar í vatnsveitu eru að sinna. Fyrir næsta fund nefndarinnar er óskað eftir því að fá yfirlit yfir verkefni verktaka og verkskrá um það sem er í vinnslu, verkefni framundan, nýtingar ofl. Börkur mun boða verktaka á fund og vinna í kjölfarið yfirlit yfir verkefni.
- e) Nefndin talaði um að gott væri að koma upp nafnalista á rafvirkjum og öðrum verktökum sem vinna fyrir vatnsveituna. Setja inn í gagnagrunn t.d hver vann verkið upp á að eiga betri upplýsingar um framkvæmdir í vatnsveitunni.
- f) Nefndin leggur áherslu á að gerður verði verksamningur við landeigendur í Huldu- og Maríuhólum um framkvæmdina sem snýr að vatnsveitunni þar sem lagnirnar verða hluti af Vatnsveitu Flóahrepps. Mikilvægt að ábyrgð sé skilgreind. Þar þarf að vísa í staðla og reglugerðir, hvernig kostnaðarskipting er og að það komi skýrt fram að lagnir og rekstur verði á vegum Vatnsveitu Flóahrepps að framkvæmdu loknum. Mikilvægt að við sinnum eftirlitshlutverki þó að fenginn verði verktaki sem við samþykkjum til að leggja lagnir í sameiginlegan lagnaskurð. Við afhendum inn fyrir lóðamörk og tengingar við veituna verða að vera framkvæmdar af starfsmanni á vegum sveitarfélagsins.
- g) **Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 22. maí kl. 8:15 í Þingborg.**

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*